



Fundargerð 291.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 23. október 2024 kl. 12.00 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Sverre Jakobsson og Pröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu og send til samþykktar með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Dysnes

Líforkuver ehf sendi þann 25. september s.l. uppfærða umsókn um lóð á Dysnesi. Hafnastjóri hefur með bréfi þann 1. október svarað umsókninni og úthlutað Líforkuverinu lóð A518. Allir stjórnarmenn höfðu áður samþykkt úthlutunina með rafrænum hætti.

Vinnuhópur stjórnar HN varðandi Dysnes hefur fundað einu sinni og var farið yfir umræðuefni fundarins. Meðal annars var kynnt tillaga Magnúsar Kristjánssonar hjá KPMG á Akureyri að skoðun á ýmsum flötum varðandi rekstur á Dysnesi. Kynnt var einnig mat á innviðaupbyggingu sem unnið var fyrir HN af COWI.

2. Fjárhagsáætlun HN 2025, síðari umræða

Fjárhagsáætlun 2025 tekin til síðari umræðu. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 1.586,1mkr., og rekstrargjöld verði 1.024,1 mkr án fjármagnsliða. Hagnaður eftir fjármagnsliði og afskriftir er áætlaður 590,9 mkr. Stjórn HN samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

3. Framkvæmdaáætlun HN 2025, síðari umræða

Framkvæmdaáætlun HN fyrir árið 2025 tekin til síðari umræðu. Helstu verkefni eru áframhaldandi vinna við Torfunefsbyggju og Dysnes auk minni verka. Hlutur HN í verkunum er áætlaður 545 mkr. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu, en frestar þó endanlegri ákvörðun um rafvæðingarhluta Torfunefsbyggju vegna óvissu varðandi áformaða gjaldheimtu ríkisins á komur skemmtiferðaskipa.

4. Hafnasambandsþing 2024 á Akureyri

Hafnarstjóri kynnti dagskrá Hafnasambandsþings sem haldið verður á Akureyri 24. og 25. október n.k.



5. Gjaldskrá HN 2025

Ræddar frá ýmsum hliðum gjaldskrárbreytingar um áramót. Hafnarstjóri mun á næsta stjórnarfundum koma með tillögu að nýrri gjaldskrá sem tekur gildi 1. janúar 2025.

6. Nýjar álögur á komur skemmtiferðaskip

Við gerð nýrra fjárlaga liggja fyrir hugmyndir um nýjar álögur á komur skemmtiferðaskipa til Íslands. Stjórn HN bókar eftirfarandi:

Stjórn Hafnasamlags Norðurlands tekur í einu og öllu undir umsögn Cruise Iceland, CLIA og AECO um ákvæði í frumvarpi fjármálaráðuneytisins um upptöku innviðagjalda á skemmtiferðaskip á komandi ári um leið og áréttuð eru andmæli við afnámi tollafrelsis á svokölluð leiðangurskip.

Innan Hafnasamlags Norðurlands voru hringsiglingar 65 árið 2024 eða 31,8% þeirra skipa sem komu til Akureyrar. Skemmtiferðaskip í hringsiglingum greiddu í hafnagjöld hjá Hafnasamlagi Norðurlands 143 milljónir króna s.l. sumar. Farþegar með skipunum voru 27.652. Heildareyðsla þessara farþega í landi á Norðurlandi eingöngu er áætluð að lágmarki 1.1 milljarður króna. Afnáam tollfrelsis er alvarlegt högg fyrir svæðið allt, en sérstaklega fyrir Grímsey og Hrísey þar sem 83,3% skemmtiferðaskipa sem koma til Grímseyjar eru í hringsiglingum og 75% í Hrísey. Tillögur þessar eru illa ígrundaðar og gera ekki ráð fyrir neinni aðlögun að því skipulagi og bókanarferli sem unnið er eftir varðandi komur skemmtiferðaskipa til landsins. Stjórn HN tekur undir tillögur frá Cruise Iceland, AECO og CLIA um að innleiða í núverandi lög gagnsætt kerfi stigvaxandi hækkana frá 2026 til 2028 svo geirinn geti aðlagast nýja fyrirkomulaginu og forðast hættuna á afbókunum og fjárhagslegum skaða.

Hafnasamlagið varar við þeim afleiðingum sem þessi útfærsla á innviðgjöldum og afnmámi tollafrelsis getur haft á bókanir og komur skipa hingað til lands, þegar á komandi sumri. Ljóst er að bæði hafnir og ferðaþjónustufyrirtæki munu missa umtalsverðar tekjur.

Stjórn Hafnasamlagsins skorar á stjórnvöld að útfæra tillögur að gjaldheimtu vegna farþegaskipa í samvinnu og samráði við alla hagaðila, þannig að tryggt verði að sú áratuga uppbygging og tekjumyndun sem fylgir komum farþegaskipa megi viðhaldast.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 13.00